

## Því dæmist rétt vera:

Kærði, Eyvindur Árnason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 6565.00, skal upptækur ríkissjóði til handa, og greiði kærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda sins, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1946.

Nr. 67/1946. Réttvísín (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

**Hauki Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og Steingrími Agli Þorkelssyni**

(Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þjófnaður og þjófsneyzla.

## Dómur hæstaréttar.

Refsing ákærða Hauks Einarssonar þykir hæfilega ákveðin 2 ár og 6 mánuðir. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

## Dómsorð:

Ákærði Haukur Einarsson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Ákærðu, Haukur Einarsson, Magnús Gíslason og Steingrímur Egill Þorkelsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skip-

aðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttar-lögmanna Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Óla-sonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 6. maí 1946.**

Ár 1946, mánudaginn 6. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1451—53/1946: Réttvisin gegn Hauki Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og Steingrím Agli Þorkelssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Hauki Einarssyni verkamanni, bragga nr. 11 við Sundlaugaveg, Magnúsi Gíslasyni sjómanni, Vesturbraut 9 í Keflavík, og Steingrím Agli Þorkelssyni verkamanni, bragga 11 við Sundlaugaveg, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Haukur fæddur 8. júlí 1920, Magnús fæddur 31. júlí 1915 og Steingrímur Egill fæddur 27. september 1911.

Ákærði Haukur hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1933  $\frac{2}{4}$  Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1933  $\frac{3}{10}$  Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1934  $\frac{2}{4}$  Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1935  $\frac{2}{3}$  Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1936 % Kærður fyrir þjófnað. Ráðstafað í sveit að fyrirlagi dómismálaráðuneytisins.
- 1936  $\frac{7}{8}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936  $\frac{2}{12}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937  $\frac{8}{11}$  Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi, skilorðsbundið fyrir þjófnað.
- 1937  $\frac{3}{12}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937  $\frac{1}{12}$  Áminning fyrir ölvun.
- 1938  $\frac{2}{3}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938  $\frac{3}{3}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938  $\frac{1}{4}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938  $\frac{1}{5}$  Kærður fyrir þjófnað á kjöti o. fl. Látið falla niður gegn skaðabótum, með því að hið stolna var lítils virði.
- 1938 % Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1938  $\frac{1}{7}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939  $\frac{1}{4}$  Dómur aukaréttar, 5 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 51 1928.
- 1939  $\frac{1}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1939  $1\frac{3}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1939  $1\frac{3}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1939  $2\frac{3}{11}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1939  $1\frac{1}{12}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1939  $1\frac{1}{12}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1939  $2\frac{1}{12}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $\frac{1}{2}$  Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-  
 viðurværi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.  
 1940  $\frac{2}{5}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $1\frac{1}{8}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $\frac{2}{5}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $3\frac{1}{8}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $\frac{1}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $\frac{1}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $1\frac{1}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1940  $2\frac{3}{10}$  Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244. gr.  
 hegningarlaganna, sviptur kosningarétti og kjörgengi og  
 rétti til þess að kaupa og neyta áfengis, þar til að 5 árum  
 liðnum frá fullnustu refsingarinnar.  
 1941  $2\frac{1}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1941  $1\frac{1}{11}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1942  $1\frac{3}{4}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1942  $2\frac{7}{8}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1942  $2\frac{3}{12}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943  $\frac{5}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943  $\frac{9}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943  $2\frac{8}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943  $2\frac{9}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1943  $\frac{9}{11}$  Dómur aukaréttar, fangelsi í eitt ár, sviptur kosninga-  
 rétti og kjörgengi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlag-  
 anna.  
 1944  $3\frac{1}{4}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1944  $\frac{8}{11}$  Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosninga-  
 rétti og kjörgengi fyrir þjófnað.  
 1945  $2\frac{7}{8}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1945  $3\frac{1}{4}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1945  $2\frac{5}{8}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1945  $1\frac{7}{8}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1946  $3\frac{1}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.  
 1946  $\frac{9}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Magnús hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærnum og  
 refsingum:

Í Reykjavík:

1931  $2\frac{2}{11}$  Áminning fyrir þjölluleysi á reiðhjóli.

1932  $1\frac{1}{8}$  Dómur aukaréttar, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt

fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaganna og 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928, 150 kr. skaðabætur og vikið burt úr Reykjavíkurbæ um þriggja ára skeið.

- 1933  $\frac{7}{8}$  Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglusamþykktarbrott.
- 1935  $1\frac{1}{2}$  Dómur aukaréttar, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir þjófnað og ofbeldi við fangavörð.
- 1935  $\frac{4}{9}$  Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928.
- 1937  $1\frac{3}{4}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937  $2\frac{1}{2}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 júlí Undir rannsókn fyrir grun um innbrotsþjófnað. Fellt niður vegna sannanaskorts.
- 1937  $1\frac{1}{10}$  Sátt, 100 kr. sekt og 50 kr. skaðabætur fyrir ölvun og slagsmál.
- 1937  $\frac{3}{11}$  Dómur aukaréttar, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir brot gegn 6., 7. og 8. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 55. og 63 gr. hegningarlaganna. Staðfest í hæstarétti  $1\frac{1}{2}\%$  1938.
- 1938  $\frac{9}{4}$  Dómur aukaréttar, 3ja mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
- 1938  $1\frac{7}{8}$  Kærður fyrir þjófnað á hrognkelsanetum. Látið falla niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins  $1\frac{1}{2}\%$  1939.
- 1941  $\frac{5}{4}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942  $1\frac{1}{2}\%$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942  $\frac{9}{8}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942  $\frac{9}{8}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942  $1\frac{3}{11}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943  $2\frac{3}{4}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943  $\frac{6}{8}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943  $1\frac{9}{7}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944  $1\frac{8}{2}$  Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944  $2\frac{7}{8}$  Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og slagsmál.
- 1944  $1\frac{1}{6}$  Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1944  $\frac{9}{10}$  Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1945  $2\frac{9}{7}$  Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og móthróa við lögregluna.
- 1945  $2\frac{5}{6}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945  $\frac{1}{10}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946  $1\frac{3}{8}$  Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
- 1946  $1\frac{7}{4}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Á Siglufirði:

- 1945  $2\frac{1}{8}$  Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði Steingrímur Egill hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1930  $2\frac{8}{8}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1931  $\frac{1}{2}\%$  Dómur aukaréttar, 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 231 gr. hegningarlaganna og sumpart 6. gr. laga nr. 51, 1928.
- 1931  $\frac{1}{2}\frac{1}{1}$  Dómur hæstaréttar, 18 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928, sbr. 231. gr., 4. lið, og með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna.
- 1933  $\frac{1}{2}\%$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1933  $\frac{2}{2}\%$  Dómur aukaréttar, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotspjófnað.
- 1933  $\frac{2}{2}\frac{1}{9}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934  $\frac{2}{2}\frac{1}{2}$  Dómur aukaréttar, 15 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotspjófnað.
- 1935  $\frac{7}{3}$  Dómur aukaréttar, 1 mánaðar betrunarhússvinna fyrir innbrotspjófnað. Hegningarauki.
- 1935  $\frac{4}{6}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936  $\frac{1}{2}\frac{1}{10}$  Dómur aukaréttar, 15 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928.
- 1939  $\frac{2}{2}\frac{1}{10}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939  $\frac{2}{2}\frac{1}{10}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1939  $\frac{2}{2}\frac{5}{11}$  Dómur aukaréttar, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 6. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928 og 17. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr. laga nr. 33/1935.
- 1939  $\frac{8}{12}$  Dómur aukaréttar, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotspjófnað.
- 1942  $\frac{2}{2}\frac{7}{9}$  Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1943  $\frac{8}{6}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944  $\frac{1}{2}\frac{1}{6}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944  $\frac{2}{6}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944  $\frac{2}{2}\frac{7}{6}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944  $\frac{2}{2}\frac{1}{10}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og áflog.
- 1944  $\frac{1}{2}\frac{7}{11}$  Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 1945  $\frac{2}{2}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945  $\frac{2}{2}\frac{8}{6}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

#### Á Siglufirði:

- 1936  $\frac{4}{4}$  Sátt, 50 kr. sekt fyrir götuóspektir.
- 1936  $\frac{1}{2}\%$  Sátt, 30 kr. sekt fyrir götuóspektir.

Kvöldið 25. f. m. voru ákærðu Haukur og Magnús saman ölvaðir hér í bænum. Um miðnætti áttu þeir leið upp Hverfisgötu fram hjá stjórnarráðshúsinu. Þegar þeir gengu þar, fór Haukur skyndilega að bakhlið stjórnarráðshússins og Magnús á eftir, án þess að þeir hefðu talað um það áður, hverra erinda þeir færu þangað. Þegar þangað var komið, braut Haukur með olnboganum rúðu í bakdyrahurð hússins, seildist gegnum rúðuopið til smekklássins, sem dyrnum var læst með, og opnaði þannig dyrnar. Varð Magnúsi nú ljóst, að hér var um innbrotspjófnað að ræða. Haukur fór nú upp

á efri hæð hússins og Magnús á eftir. Þar opnaði Haukur dyr að skrifstofum dómsmálaráðuneytisins með sama hætti og hann hafði opnað bakdyr hússins. Hann gekk nú inn í skrifstofurnar og að peningaskáp, sem þar var, sem láðst hafði að læsa daginn áður, opnaði hann og tók úr honum læstan peningakassa. Var Magnús þá kominn inn í skrifstofurnar. Ekki vissu þeir, hvað var í kassanum, en Haukur gizkaði á, að þar væru peningar, svo þúsundum króna skipti.

Ákærðu Haukur og Magnús fóru nú með kassann inn í bragga nr. 11 við Sundlaugaveg, þar sem ákærði Steingrímur Egill var fyrir, og vaknaði hann við komu þeirra og sá þá sprengja upp kassann í bragganum. Þeir Haukur og Magnús halda því fram, að Steingrímur Egill hafi aðstoðað þá við að sprengja upp kassann, en því neitar Steingrímur Egill. Þeir Haukur og Magnús halda því fram, að þeir hafi bæði strax um nóttina og eins morguninn eftir sagt Steingrími Agli, að þeir hefðu stolið peningakassanum og hvar. Þetta kveðst Steingrímur Egill ekki hafa heyrt, en kveðst þó, strax og hann sá þá Hauk og Magnús með kassann, hafa talið vist, að þeir hefðu stolið honum, enda hafi þeir strax um nóttina gefið sér þetta í skyn í umtali þeirra um kassann.

Ákærðu tóku úr kassanum alla þá peninga, er í honum voru, en létu annað vera þar kyrrt, þar á meðal sex tékkávisanir, samtals að upphæð kr. 773.30. Síðan settu þeir kassann í poka og fóru þeir Magnús og Steingrímur Egill með hann úr bragganum og fleygðu honum í sjóinn, og þar fannst hann að tilvisun Steingríms Egils með öllum þeim skjölum, sem í honum áttu að vera.

Samkvæmt skýrslu þess starfsmanns dómsmálaráðuneytisins, sem gætti peningaskápsins og kassans, áttu að vera í kassanum, þegar hann var tekinn, kr. 5695.92, að meðtöldum tékkávisunum. Peningum þeim, sem í kassanum voru, skiptu ákærðu með sér þannig, að Haukur og Magnús fengu jafnt, en Steingrímur Egill nokkru minna en hvor þeirra.

Peningunum eyddu ákærðu í drykkjuslark, að undanteknum kr. 300.00, er Steingrímur Egill var með, þegar hann var handtekinn, og kr. 207.00, sem Magnús var með, þegar hann var handtekinn.

Dómsmálaráðuneytið hefur veitt viðtöku þessum kr. 507.00 og peningakassanum með þeim skjölum, sem í honum voru, er hann fannst.

Framanskráður verknaður varðar hina ákærðu Hauk og Magnús refsingu samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna og ákærða Steingrím Egil samkvæmt 254. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga.

## II.

Aðfaranótt 14. október s. l. fór ákærði Magnús ölvaður inn í hús við Auðarstræti, sem var í smíðum, og tók þaðan að ófrjálsu kistu

með nokkrum smíðatölum í og hafði á brott með sér. Þegar ákærði játaði þetta brot sitt þremur dögum síðar, skilaði hann kistunni með öllu, sem í henni átti að vera. Taka kistunnar varðar ákærða refsingu samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna.

### III.

Refsingu ákærða Magnúsar ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna.

Með tilliti til fyrra brotaferils ákærðu þykja refsingar þeirra fyrir framanskráð brot hæfilega ákveðnar þannig, að þeir Haukur og Magnús sæti hvor fangelsi í 2 ár, en Steingrímur Egill fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu Haukur og Steingrímur Egill hafa verið í gæzluvarðhaldi frá 28. f. m. og ákærði Magnús frá 29. f. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber að ákveða, að gæzluvarðhald hvers þeirra komi til frádráttar refsingum þeirra.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta þá kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins hefur þess verið krafizt, að ákærðu verði in solidum dæmdir til að greiða ríkissjóði kr. 4405.62, en það er sá hluti hinna stolnu peninga, sem eigi hefur komið til skila. Þessa kröfu hafa ákærðu samþykkt, og verður hún tekin til greina.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

### Dómsorð:

Ákærðu Haukur Einarsson og Magnús Gíslason sæti hvor fangelsi í 2 ár.

Ákærði Steingrímur Egill Þorkelsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærðu hvers um sig komi til frádráttar refsingunum.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði ríkissjóði in solidum kr. 4405.62 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.